



6.1.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Kröfur um algilda hönnun

Í grein 6.1.3 í byggingarreglugerð segir:

„Eftirfarandi byggingar og aðkomu að þeim skal hanna og byggja á grundvelli algildrar hönnunar:

- a. Byggingar ætlaðar almenningi, t.d. opinberar stofnanir, leikhús, kvikmyndahús og önnur samkomuhús, veitingastaðir og skemmtistaðir, verslanir og skrifstofuhús, sundlaugar, íþróttamiðstöðvar, hótél og gististaðir, bensínstöðvar svo og allar aðrar byggingar sem byggðar eru í þeim tilgangi að almenningi sé ætluð þar innganga.
- b. Skólabyggingar, þ.m.t. frístundaheimili.
- c. Byggingar þar sem atvinnustarfsemi fer fram, innan þeirra marka sem eðli starfseminnar gefur tilefni til.
- d. Byggingar ætlaðar öldruðum.
- e. Byggingar með íbúðir ætlaðar fötluðu fólki.
- f. Byggingar með stúdentaíbúðir og heimavistir.
- g. Byggingar þar sem samkvæmt reglugerð þessari er krafist lyftu til fólksflutninga.
- h. Umferðarleiðir innan jarðhæðar í íbúðum með öll megin rými á jarðhæð. Með megin rýmum er átt við stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi.
- i. Öll rými og baðherbergi sem ætluð eru vistmönnum á hjúkrunarheimilum, sjúkrahúsum og dvalarheimilum.

Með kröfu um algilda hönnun skv. 1. mgr. er átt við að byggingar sem þar eru tilgreindar skuli hannaðar þannig að þær nýtist öllum, allir geti ferðast um þær og athafnað sig án sérstakrar aðstoðar, sbr. nánari kröfur reglu-gerðar þessarar. Einnig gildir um hönnun slíkra bygginga að rými séu innréttanleg á auðveldan hátt þannig að þau henti sérstökum þörfum þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í 2. mgr. 6.1.2. gr. Þegar tekið er fram að íbúðir, herbergi eða einstök rými skuli gerð fyrir hreyfihamlaða er átt við að þau skuli sérstaklega innréttuð með hliðsjón af þörfum þeirra auk kröfu um algilda hönnun.

Heimilt er að víkja frá kröfu 1. mgr. um algilda hönnun hvað varðar byggingar samkvæmt c- og h-lið 1. mgr. þar sem aðstæður eru þannig að krafan á ekki rétt á sér, t.d. varðandi aðkomu að byggingu þar sem landslag er þannig að það hentar ekki fötluðum til umferðar eða starfsemi innan byggingar er þess eðlis að hún hentar augljóslega ekki fötluðum. Sama gildir um sæluhús, fjallaskála, veiðihús og sambærilegar byggingar að uppfylltum skilyrðum 1. máls. Sé vikið frá sjónarmiðum um algilda hönnun skal ítarlega rökstutt í hönnunargögnum á hvaða grundvelli það er gert.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“



Leiðbeiningar

1 Inngangur

Eitt af markmiðum laga um mannvirki er að tryggja aðgengi fyrir alla. Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun, veikindi eða skerðingu að stríða, geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður, til dæmis eldsvoða. Jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, til dæmis við efnisval og útfærslur einnig sé gætt að hljóðvist og birtuskilyrðum innan og utan húss.

Áætlað er að minnst 10 % íbúa þjóðfélagsins séu hreyfihamlaðir eða búi við annars konar fötlun. Til viðbótar kemur svo stór hópur sem hefur skerta hreyfigetu vegna aldurs og tímabundinnar skerðingar á hreyfigetu, til dæmis vegna slysa, sjúkdóma eða einfaldlega fólk með börn í barnavögnum. Almennt má segja að þessar mismunandi hamlanir séu af völdum skertrar færni vegna líkamlegrar, andlegrar eða félagslegrar röskunar, til dæmis fólk með hreyfihömlun, sjónskerðingu, heyrnarskerðingu, þroskaskerðingu eða með astma og ofnæmi. Skertur hæfileiki til ratvísi getur til dæmis verið vegna sjónskerðingar, skertrar heyrnar, þroskahömlunar eða heilaskaða.

Talið er að af íbúum á norðurlöndum séu:

- Um 10 % með skerta heyrn
- Meira en 5 % hreyfihamlaðir og þar af notar 1 % hjólastól
- Að minnsta kosti 2 % sem hafa það skerta hreyfigetu í handleggjum og höndum að það hefur áhrif á daglegt líf þeirra
- Um 5 % íbúana eldri en 80 ára

Um 11 % Íslendinga eru 67 ára og eldri og fer sá hópur stækkandi. Það er þjóðhagslega mikið til vinnandi að eldri borgarar geti búið í íbúðum sínum sem lengst. Það er ein af mörgum ástæðunum fyrir að byggja skuli aðgengilegar íbúðir.

Á Íslandi er fjöldi sjónskertra samkvæmt tölulegum upplýsingum og þá gagnvart lögum (minna en 30 % sjón) um 0,5 %. Þá er ekki tekinn með sá hópur sem hefur ekki leyfi samkvæmt lögum til að aka bíl það er með sjón minni en 50 %.

Taka verður tillit til allra þessara þjóðfélagshópa við hönnun mannvirkja.

2 Aðgengi fyrir alla

Eftirfarandi skilgreining er í 2. tölulíð 1.2.1 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012:

„Aðgengi fyrir alla: Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður,



Leiðbeiningar

t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.“

Aðgengi fjallar um kröfur til mannvirkja vegna notkunar þeirra en algild hönnun er hugmyndafræði hönnunar. Aðgengi fyrir alla tekur tillit til fatlaðra en algild hönnun tekur tillit til allra notenda, þar með talið fatlaðra.

Aðgengi er almennt skilgreint sem lágmarkskrafa, til dæmis sem lágmarksmál í byggingarreglugerð til dæmis halli skábrauta, hurða- og gangabreiddir.

3 Algild hönnun

Eftirfarandi skilgreining er í 3. tölulið 1.2.1 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012:

„Algild hönnun: Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.“

Algild hönnun er hugmyndafræði við hönnun eins og fyrr segir. Algild hönnun skiptir ekki hópum upp í fatlaða og ekki fatlaða, heldur skilgreinir alla sem einn hóp, notendur.

Í 2. mgr. 6.1.2 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum segir:

„Með algildri hönnun skal meðal annars tekið tillit til eftirtalinna hópa einstaklinga:

- a. Hjólastólanotenda
- b. göngu- og handaskertra
- c. blindra og sjónskertra
- d. heyrnarskertra
- e. einstaklinga með astma og/ eða ofnæmi, með því að huga að vali á byggingarefnum, gerð loftræsingar og viðhaldi loftræsikerfa
- f. einstaklinga með þroskahamlanir, með því að huga að lita og efnisvali, skiltum og merkingum
- g. einstaklinga með lestrarörðugleika, með því að huga að skýrum merkingum, táknmyndum og hljóðmerkingum þar sem það á við“

Þessi upptalning gefur leiðsögn um þá hópa sem hafa ber í huga við hönnun bygginga, en hún er hins vegar ekki tæmandi. Það skiptir einnig máli að greina á milli lágmarksviðmiða og krafna í byggingarreglugerðinni sem byggð eru á aðgengissjónarmiðum og hins vegar þeirri hugmyndafræði algildrar hönnunar sem hönnuðir tileinka sér og nýta í vinnulagi sínu og faglegum hugsunarhætti.

4 C liður 1. mgr.

Í c lið 1. mgr. 6.1.3 gr. segir: „Byggingar þar sem atvinnustarfsemi fer fram, innan þeirra marka sem eðli starfseminnar gefur tilefni til.“ Meginregla er að hanna skal á grundvelli algildrar hönnunar allar byggingar undir atvinnustarfsemi. Með „innan þeirra marka sem



Leiðbeiningar

eðli starfseminnar gefur tilefni til“ er átt við að hanna skuli og byggja það svæði innan byggingarinnar á grundvelli algildrar hönnunar sem tiltekin starfsemi fer fram á og ætla má að fatlað fólk dveljist og fari um, með hliðsjón af eðli starfseminnar sem í henni er. Við hönnun atvinnuhúsnaðis þarf því að horfa til þess að fatlaðir geti bæði verið starfsmenn og gestir fyrirtækisins. Skila þarf greinargerð þar sem tilgreint er hvaða hlutar byggingarinnar eru undanþegnir algildri hönnun og rökstyðja hvers vegna.

5 H liður 1. mgr.

Í h lið 1. mgr. 6.1.3 gr. segir: „Umferðarleiðir innan jarðhæðar í íbúðum með öll meginrými á jarðhæð. Með meginrymum er átt við stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi.“ Þegar stofa, eldhús, baðherbergi og að minnsta kosti eitt svefnherbergi eru á jarðhæð skal hanna og byggja umferðarleiðir innan byggingar á jarðhæð á grundvelli algildrar hönnunar.

6 2. málsgrein

Í 2. mgr. 6.1.3 gr. segir: „Með kröfu um algilda hönnun samkvæmt 1. mgr. er átt við að byggingar sem þar eru tilgreindar skuli hannaðar þannig að þær nýtist öllum, allir geti ferðast um þær og athafnað sig án sérstakrar aðstoðar, samanber nánari kröfur reglugerðar þessarar. Einnig gildir um hönnun slíkra bygginga að rými séu innréttanleg á auðveldan hátt þannig að þau henti sérstökum þörfum þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í 2. mgr. 6.1.2. gr. Þegar tekið er fram að íbúðir, herbergi eða einstök rými skuli gerð fyrir hreyfihamlaða er átt við að þau skuli sérstaklega innréttuð með hliðsjón af þörfum þeirra auk kröfu um algilda hönnun.“

Mannvirki, aðgengi að þeim og umhverfi, sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar til dæmis íbúðarhús, skulu þannig hönnuð að auðvelt og hagkvæmt verði að breyta þeim þannig að þau henti fötluðum einstaklingum til búsetu. Æskilegt er að hönnuðir aðaluppdráttar mannvirka láti fylgja með aðaluppdráttum drög (teikningu) að því hvernig breytingarnar eru framkvæmanlegar. Hönnuðir aðaluppdráttar skulu skila greinargerð um til dæmis umferðarleiðir og hvort einstök rými uppfylli stærðir svo hægt sé að breyta innréttingum þeirra til aðlögunar að rýmisþörfum fatlaðs einstaklings, svo sem. eldhús-, bað- og þvottahúsinnréttingum.

7 3. málsgrein

Í 3. mgr. 6.1.3gr. segir: „Heimilt er að víkja frá kröfu 1. mgr. um algilda hönnun hvað varðar byggingar samkvæmt c- og h-lið 1. mgr. þar sem aðstæður eru þannig að krafan á ekki rétt á sér, til dæmis varðandi aðkomu að byggingu þar sem landslag er þannig að það hentar ekki fötluðum til umferðar eða starfsemi innan byggingar er þess eðlis að hún



Leiðbeiningar

hentar augljóslega ekki fötluðum. Sama gildir um sæluhús, fjallaskála, veiðihús og samþærilegar byggingar að uppfylltum skilyrðum 1. málslíð. Sé vikið frá sjónarmiðum um algilda hönnun skal ítarlega rökstutt í hönnunargögnum á hvaða grundvelli það er gert.“ Þessi frávík frá kröfu 1. mgr. hvað varðar c- og h- lið eiga við til dæmis þar sem meginrými eru á jarðhæð en landslag er þannig að aðkoma er ekki fær fyrir fatlaða til dæmis vegna mikils halla lóðar (aðalinngangur er á annarri hæð eða ofar, þar sem ekki eru meginrými). Einnig getur þetta átt við til dæmis vinnustað að hluta til þar sem hluti starfseminnar hentar ekki fötluðum einstaklingum en aðrir hlutar hennar eru hannaðir skv. algildri hönnun.

Tilvísanir

- Aðgengi og flóttaleiðir fyrir alla bls. 150-152 Árbók VFÍ/TFÍ 2008.
- Samningur SP um fatlaðs fólks með fötlun, undirritaður af hálfu íslenskra stjórnvalda, þann 30.mars 2007.

Heimildir

- Aðgengi og flóttaleiðir fyrir alla eftir dr. Björn Karlsson, Staffan Bengtson og Elena Siré, bls. 150-152 í Árbók VFÍ/TFÍ 2008
- Tafla 1.19 Fjöldi ellilífeyrisþega og hlutfall þeirra af íbúafjölda 67 ára og eldri 1998-2010, frá Tryggingastofnun
- Tilgængelighed-udfordringer begreber og strategier, SBI 2009:12. Rit rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í Danmörku frá ágúst 2009. Þar sem ítarlega er fjallað um skilgreiningar hugtaka.